

Republik ehf
B/t Hrönn Kristinsdóttir
Seljavegi 2
101 Reykjavík



Vestmannaeyjum 28. október 2016
UST201610-171/Þ.V.B.
09.06.01

Efni: Umsókn um kvikmyndatökuleyfi - Skógarfoss kvikmyndatöku á friðlýstum svæðum

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Republik, dags. 24. október 2016, vegna leyfis til kvikmyndatöku við Skógarfoss 31. október 2016 vegna verkefnisins AS. Varadagsetning fyrir tókurnar er 1. nóvember 2016.

Skógarfoss er friðlýst náttúruvætti sbr. auglýsingu í Stjórnartíðinum B, nr. 477/1987. Jarðrask og mannvirkjagerð er óheimil nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing framkvæmdar:

Um er að ræða kvikmyndatökur fyrir framan Skógarfoss. Í tengslum við tókurnar þarf að koma fyrir matarvagni við enda grasflatarinar næst fossinum. Um er að ræða léttan handvagn sem verður trillað inn á grasið án þess að raska svæðinu. Að tókunum koma um 60 manns og er gert ráð fyrir að starfólkið við tókurnar verði á svæðinu á tímabilinu 7-11:30. Tökuliðinu fylgja tvær rútur, tveir tækjabílar, 10 minni bílar, eldhúsbíll og matarrúta. Verið er að skoða hvort hægt sé að leggja eldhúsbílnum og matarbílnum annarstaðar á meðan tökur fara fram. Ekki er gert ráð fyrir að takmarka umferð gesta um svæðið en ef svo fer þá er fólk beðið um að hliðra aðeins til rétt á meðan verið er að skjóta.

Áhrifamat:


Umhverfisstofnun metur, miðað við ofangreinda verkefnislýsingu, að kvikmyndatökurnar séu ekki til þess fallin að valda raski á svæðinu. Umhverfisstofnun heimilar kvikmyndatökurnar fyrir sitt leiti miðað við ofangreinda verkefnalýsingu að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:


- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir tökur hefjast og þegar frágangi líkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Starfsmenn við kvikmyndatökuna gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask.
- Allur akstur utan vega og merktra slóða er óheimill
- Afmá skal öll ummerki um kvikmyndatökurnar á svæðinu þegar þeim er lokið.
- Ganga skal snyrtilega um svæðið og þess gætt að allt rusl verði fjarlægð.
- Kynna skal fyrir starfsfólki kvikmyndatökunnar þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og tökur hefjast.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast tókunum og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun.
- Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdinni og frágangi eftir að tókunum líkur. Rukkað verður fyrir eftirlitið samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar 13.200 Isl.kr. per klst.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi á friðlýstum svæðum á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir starfsemi og framkvæmdir á friðlýstum svæðum er 39.400 kr., sbr. 24. gr. b. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Umhverfisstofnun mælist til þess að fjöldi bifreiða á bílastæðinu sé takmarkaður eins og kostur er til að tryggja að aðrir gestir svæðisins geti lagt ökutækjum sínum þar. Umhverfisstofnun minnir á að allur akstur utan vegar er óheimill utan vegar á svæðinu.

Virðingarfyllt


Gunnlaug H. Einarsson
Sviðstjóri


Þórdís Vilhelmina Bragadóttir
Sérfræðingur

